



Geðheilbrigðisþjónusta - Sjúklingurinn í öndvegi

Niðurstöður stefnumótunarfundar
geðsviðs Landspítala um geðheilbrigðismál

September 2017





Árið 2009 efndi Páll Matthíasson þáverandi framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítala til stefnumótunarfundar í Iðnó. Áherslan var á hlutverk geðsviðs og næstu skref í þróun þjónustunnar á Landspítala. Afrakstur þess fundar var öflugt stefnumótunarskjal sem varðaði leiðina áfram næstu árin.

Nú átta árum síðar var aftur boðað til stefnumótunarfundar geðsviðs til þess að líta heildrænt á geðheilbrigðisþjónustuna undir yfirskriftinni „Sjúklingurinn í öndvegi“. Tilgangur fundarins var að skerpa á hlutverki og ábyrgð geðsviðs Landspítala háskólasjúkrahúss sem sinnir sérfræðiþjónustu, en jafnframt litið til samspils, ábyrgðar og hlutverks annarra stofnana. **Sérstök áhersla var á samvinnu, skýra verkaskiptingu og notendamiðaða þjónustu.**

Fundinum var tvískipt, fyrir hádegi voru stutt erindi um starfsemina á Landspítala, velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins ásamt erindi frá Geðhjálp. Þá voru kynnt gögn og dæmisögur um ferli sjúklinga. Eftir hádegi tók við hópastarf þar sem m.a. var fjallað um framtíðarsýn og áherslur næstu ára. Þá voru einnig skilgreind forgangsverkefni til næstu tveggja ára og þau sem þarf að setja í forgang nú þegar.

Mikill samhljómur var milli hópa og væntingar fundargesta eru þær að stjórnvöld nýti niðurstöður fundarins til frekari stefnumótunarvinnu í málaflokknum í heild.



Framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítala

Á fundinum kom fram skýr sýn til framtíðar

Á Íslandi verði veitt framúrskarandi heildræn geðheilbrigðisþjónusta þar sem sjúklingurinn er í öndvegi og byggt er á gagnreyndri þekkingu í þjónustu og meðferð

Fundarmenn óska eftir skýrri stefnumótunarvinnu frá yfirvöldum með aðkomu allra haghafa og fjármögnun þeirrar stefnu, eins og gert hefur verið í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Geðheilbrigðismál snerta lífsgæði margra einstaklinga og fjölskyldna þeirra, sem og samfélagið í heild. Niðurstöður faraldsfræðirannsókna benda til þess að um 45% landsmanna þurfi á geðheilbrigðisþjónustu að halda einhvern tímann á lífsleiðinni og eftirspurnin hefur aukist jafnt og þétt. Nú er svo komið að rekja má rót örorku á Íslandi í 38 prósent tilvika til geðsjúkdóma og fer þetta hlutfall vaxandi, sérstaklega meðal ungra karlmanna..

Með auknum fjárframlögum til geðheilbrigðisþjónustu og forvarna er hægt að snúa þessari þróun við og bæta lífsgæði fólks.

Þau verkefni sem þarf að setja í forgang nú þegar eru:

- 1 Uppbygging og efling geðheilbrigðisþjónustu á heilsgæslustöðvum um allt land
- 2 Efling geðheilbrigðisþjónustu á Landspítala
- 3 Forvarnir hjá börnum og ungmennum
- 4 Fjölgun búsetuúrræða á vegum sveitarfélaga um allt land
- 5 Fjölgun sérhæfðra teyma sem starfa þvert á stofnanir

Stefnumótunarfundur: Aðferðafræði

Þátttakendur voru um 100 og komu frá:

- ADHD samtökunum
- Akureyrarbæ
- Embætti landlæknis
- Geðhjálp
- Geðteymi HSS
- Greiningarstöð ríkisins
- Hafnarfjarðarbæ
- Háskóla Íslands
- Háskólanum á Akureyri
- Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Hlutverkasetri
- Hugaraflí
- Innanríkisráðuneytinu
- Janusi
- Klúbbum Geysi
- Kópavogsbæ
- Landspítala
- Lögreglu
- Mosfellsbæ
- Reykjanesbæ
- Náttúrulækningafélagi Íslands
- Rauða krossinum
- Reykjalundi
- Reykjavíkurborg
- SÁÁ
- Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- Sjúkrahúsinu á Akureyri
- Velferðarráðuneytinu
- Virk
- Þroskahjálpi
- Öryrkjabandalagi Íslands

Fundurinn hófst með ávarpi frá heilbrigðisráðherra. Framkvæmdastjóri geðsviðs, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkur og framkvæmdastjóri Geðhjálpur voru með erindi þar sem farið var m.a. yfir:

- 1 Stöðumat á viðkomandi stofnun/samtökum á þjónustu við fólk með geðrænan vanda.
- 2 Hvaða verkefni þarf að fara í á næstu tveimur árum.
- 3 Sýn til framtíðar og hugmynd að verkaskiptingu.

Að erindum lóknum voru þrjár ólíkar sjúkrasögur kynntar.

Gögn og upplýsingar sem fram komu í erindunum ásamt upplýsingum sem fram komu í sögum sjúklinga nýttust sem efni viður fyrir hópavinnu sem fór fram eftir hádegi.

Í hópavinnunni var þátttakendum raðað í 11 hópa sem allir fengust við sömu verkefni:

- 1 Stöðumat heilbrigðisþjónustunnar í dag með því að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri út frá sjónarhóli fólks með geðrænan vanda.
- 2 Lýsa sýn til framtíðar á heildræna geðheilbrigðisþjónustu og verkaskiptingu.
- 3 Mikilvægustu verkefni sem þarf að ráðast í á næstu tveim árum til að tryggja heildræna þjónustu fyrir fólk með geðrænan vanda.

Samþætting á niðurstöðum hópavinnunnar fór fram á skrifstofu geðsviðs með rýni frá forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkur, framkvæmdastjóra Geðhjálpur og hópstjórum fundarins.

Sýn fundarmanna á geðheilbrigðisþjónustu til framtíðar

Á Íslandi verði veitt framúrskarandi heilðræn geðheilbrigðisþjónusta þar sem sjúklingurinn er í öndvegi og byggt er á gagnreyndri þekkingu í þjónustu og meðferð.

Skýrt hlutverk og skýr verkaskipting þjónustukerfa

Efling geðheilbrigðisþjónustu í nærumhverfi fólks m.a. í menntakerfi og í heilsugæslu

Góð samvinna

Forvarnir, fræðsla, snemmtæk inngríp, viðeigandi úrræði og eftirfylgd

Samfelld þjónusta

Aðgengi að þjónustu óháð búsetu

Gott aðgengi að upplýsingum um þjónustuúrræði og réttindi

Meðferð byggð á gagnreyndri þekkingu

Markmið og árangursvísar gefa upplýsingar um árangur geðheilbrigðisþjónustu og meðferða



Hvað þarf að gera á allra næstu mánuðum?

1 Byggja upp og efla geðheilbrigðisþjónustu á heilsgæslustöðvum um allt land

- Fjölga fagfólki og flýta áætlun um fjölgun sálfræðinga og annarra fagstétta
- Auka þjálfun og símenntun
- Bæta og auka samvinnu við velferðarþjónustu
- Efla þverfagleg geðteymi í nærumhverfi sjúklinga (í öllum landshlutum)

2 Efla geðheilbrigðisþjónustu á Landspítala

- Fjölga fagfólki
- Styrkja bráða- og móttökugeðdeildir, gera húsnæði öruggt og fallegt og fjölga legurýmum
- Stækka göngudeild og auka þjónustu dagdeilda
- Auka sérfræðiráðgjöf Landspítala, meðal annars við heilsugæslu og sjúkrahús

3 Setja forvarnir hjá börnum og ungmennum í forgang

- Þverfagleg teymi í nærumhverfi sem sinna fræðslu, þjálfun, ráðgjöf og stuðningi við foreldra og fjölskyldur
- Geðræktarstarf í skólum
- Sjálfsvígsforvarnir

4 Fjölga búsetuúrræðum á vegum sveitarfélaga um allt land

- Almenn og sérhæfð fyrir einstaklinga með alvarlegar geðraskanir
- Viðeigandi búseta sé tryggð þegar meðferð sé lokið

5 Fjölga sérhæfðum teyimum sem starfa þvert á stofnanir

- Stofna sérhæfð teymi til að sinna þroskahömluðum með geðheilbrigðisvanda, öldruðum með geðheilbrigðisvanda o.fl. hópum

Forgangsröðun verkefna næstu tvö árin



1 Stefnumótun stjórnvalda í geðheilbrigðismálum fari þegar af stað með aðkomu allra haghafa í þeim tilgangi að innleiða heildstæða þjónustukeðju þar sem sjúklingurinn er í öndvegi

- Skipa verkefnahóp á vegum ráðuneyta og haghafa sem nýtir bestu leiðir erlendis frá við stefnumótun geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi
- Skilgreina stigskiptingu þjónustunnar, mismunandi hlutverk og samvinnu innan geðheilbrigðisþjónustunnar
- Samþætta og auka samvinnu geðheilbrigðis- og velferðarþjónustu
- Skilgreina markhópa fyrir hvert þjónustustig þannig að allir þekki sitt hlutverk – eyða gráum svæðum og gæta að því að enginn lendi á milli kerfa
- Styrkja forvarnir, heilsugæslu, bráðaþjónustu og sérhæfða þjónustu langt umfram það sem núverandi áætlanir stjórnvalda gefa til kynna
- Setja fram aðgerðaáætlun þar sem eftirfylgni er tryggð sem og fjármagn til framkvæmda

2 Auka fjármagn til geðheilbrigðismála

- Veita auknu fjármagni í geðheilbrigðisþjónustu
- Hækka laun heilbrigðisstarfsfólks
- Stuðla að gjaldfrjálsri geðheilbrigðisþjónustu

3 Auka samstarf, samtal og samvinnu milli allra sem sinna sjúklingum, þvert á stofnanir og kerfi með aðkomu sjúklinga í eigin meðferð

- Skýra hlutverk stofnana með frekari stefnumótun og aukinni aðkomu framkvæmda- og löggjafarvalds
- Koma á markvissum samráðsfundum Landspítala, heilsugæslu og sveitarfélaga
- Veita rétta þjónustu á réttum stað og á réttum tíma
- Notendur séu í virkri þátttökendur í eigin meðferð

4 Nýta gagnreyndar aðferðir í þjónustu og meðferð

- Meðferð byggir eingöngu á gagnreyndum aðferðum
- Árangursvísar gefi upplýsingar um árangur þjónustu og meðferða

5 Byggja upp og efla geðheilbrigðisþjónustu á heilsgæslustöðuvum um allt land

- Fjölga fagfólki og flýta áætlun um fjölgun sálfræðinga og annarra fagstétta
- Auka þjálfun og símenntun
- Efla bakland frá sérhæfðri sjúkrahúsþjónustu

6 Setja forvarnir hjá börnum og ungmennum í forgang

- Geðræktarstarf í skólum
- Sjálfsvígsforvarnir
- Upplýsingavefur um úrræði og meðferð þvert á stofnanir settur á lagginnar
- Skoða bestu leiðir erlendis og nýta aðgerðir sem skilað hafa árangri
- Þverfagleg teymi í nærumhverfi sem sinna fræðslu, þjálfun, ráðgjöf og stuðningi við foreldra og fjölskyldur

7 Fjölga þverfaglegum geðheilsuteyimum með málástjórum

- Fleiri geðheilsuteymi sett á lagginnar í nærumhverfi sjúklinga
- Málástjórahlutverk verði tekið upp í auknu mæli - meiri samfella í þjónustu

8 Fjölga sérhæfðum teyimum sem starfa þvert á stofnanir

- Stofna sérhæfð teymi til að sinna þroskahömluðum með geðheilbrigðisvanda, öldruðum með geðheilbrigðisvanda o.fl. hópum

9 Bæta húsnæðis- og öryggismál geðdeilda

- Endurbæta húsnæði geðdeilda til að uppfylla öryggiskröfur

10 Fjölga búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða

- Almenn og sérhæfð fyrir einstaklinga með alvarlegar geðraskanir
- Viðeigandi búseta sé tryggð að meðferð lokinni – annars eru dagsektir á sveitarfélög að skandinavískri fyrirmynd

Samantekt á SVÓT greiningu fundarmanna um stöðu geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi

Styrkleikar

- Viljayfirlýsing stjórnvalda um að setja geðheilbrigðismál í forgang
- Almennur vilji í samfélaginu til að setja geðheilbrigðismál í forgang og aukinn skilningur á mikilvægi geðheilbrigðis
- Notendasjónarmið virt í auknu mæli, öflug notendasamtök og aukin áhersla á batamiðaða hugmyndafræði
- Gagnreynd árangursrík meðferð í meðhöndlun geðrofssjúkdóma
- Gott fagfólk, mikil fagþekking, sérfræðiþekking, reynsla, umhyggja og virðing
- Aukin sérhæfing og teymisvinna innan stofnana og milli þeirra
- Aukinn fjöldi séræfðra teyma og sérhæfðra meðferðarúrræða
- Aðgengi að þjónustu er víða gott og uppbygging þjónustu í nærumhverfi er að aukast
- Gott aðgengi að þjónustu fyrir einstaklinga með fíknisjúkdóma

Veikleikar

- Fjársveltur málaflokkur, lélegt aðgengi, óviðunandi biðlistar og frávisanir og mikill niðurskurður
- Vantar starfsfók með þekkingu og reynslu, mikið álag á starfólk, hröð starfsmannavelta og takmörkuð fræðsla til ófaglærðra
- Samvinnu, samræmi og sameiginlega hugmyndafræði skortir milli þjónustukerfa; kerfið er of flókið og óskýr verkaskipting. Þjónustan er dreifð í höndum margra. Vantar aðgengi að geðlæknum og meiri þverfaglega samvinnu allra heilbrigðisstétta, ekki síst í heilsugæslu, einnig vantar málastjóra
- Óskýrt hvar kjörmeðferð á að fara fram, of mörg grá svæði, síló og göt í þjónustukeðju þannig að hópar falla utan þjónustu. Skortir upplýsingar og miðlæga þekkingu á meðferðartilboðum
- Þjónustan þarf að snúast um sjúkl-inginn. Brotakennd sýn er á vanda, of mikill fókus á sjúkdómsgreiningar og sjúkl-ingurinn er of valdalítill. Flókin samsetning geðvanda og skortir viðunandi langtímaúrræði fyrir fólk með tvígreiningu. Jaðarsetning veikra, skortur á búsetuúrræðum, o.fl.
- Heilsugæsla (grunnþjónusta) er of veik, skortur er á þjónustu í nærumhverfi og Landspítali sinnir þjónustu sem heilsugæslan ætti að veita
- Húsnæði geðsviðs er víða óviðunandi fyrir sjúkl-inga og starfsfólk, vantar bæði bráðapláss og innlagnarpláss
- Skortur er á snemmtækum inngrípum, ómarkviss eftirfylgd með sjúkl-ingum og fjölskylduvinnu er ábótavant
- Vantar árangursvísa og árangursmælingar
- Skortur á úrræðum, sérhæfðri þjónustu og þekkingu á ýmsum sviðum, m.a. fyrir einstaklinga með hegðunar- og þroskaraskanir, einhverfu, aldraða (geðöldrunarteymi), flóttamenn (og fólk af erlendum uppruna) og heyrnarlausa

Ógnanir

- Skortur á heildstæðri stefnu, óljós verkaskipting, óstöðugleiki í pólitík, skammsýni stjórnvalda og lagaumhverfi sem er óljóst og ómarkvisst
- Vanþekking hjá stjórnvöldum/stjórnvaldamönnum/samfélagi á málaflokknum
- Skortur á fjármögnun - lágur fjárveitingar miðað við umfang
- Skortur á fagfólki, lág laun, ör starfsmannavelta og mikið álag
- Ósamræmi í kjörum starfsfólks milli ríkis og sveitarfélaga
- Kostnaður vegna geðheilbrigðisþjónustu og kostnaður fyrir sjúklinga
- Skortur á forvörnum og snemmtækum úrræðum
- Tilviljanakennd þjónusta - ómarkviss meðferð. Skortur á upplýsingaflæði á milli kerfa
- Skortur á samvinnu heilbrigðis- og félagslega kerfis
- Einstaklingar sem falla á milli kerfa
- Bið eftir þjónustu og lítil þjónusta á landsbyggðinni
- Húsnæði Landspítala ófullnægjandi, fá leguþláss og óviðunandi húsnæði
- Skortur á eftirfylgdarúrræðum
- Vantar úrræði fyrir hóp sem er hættulegur öðrum
- Of fá evidence based þróunarverkefni frá háskólum og ráðuneytum
- Aukin áhersla á sjúkdómsvæðingu
- Aukin vímuefnaneysla, fjölgun ungs fólks, aldraðra og öryrkja með geðvanda
- Búsetuúrræði skortir og húsnæðis-skortur á Reykjavíkursvæðinu og víðar
- Óvægin umfjöllun fjölmiðla, villandi upplýsingar og samfélagsmiðlar
- Viðhorf og fordómar

Tækifæri

- Jákvæð stjórnvöld setji skýra stefnu í geðheilbrigðismálum, stefnu fylgi aðgerðaáætlun og fjármunir
- Geðheilbrigðisþjónusta verði raunverulega hluti þeirrar heilbrigðisþjónustu sem er í boði á Íslandi
- Valdefling í verki, sjúklingurinn í öndvegi: Skipuleggja þjónustu heildrænt út frá notanda þar sem verkaskipting er skýr. Sameiginlegir meðferðarferlar þvert á kerfi
- Smæð samfélagsins auðveldar breytingar, aukin samfélagsvitund um mikilvægi geðheilbrigðis
- Öflugt fagfólk, samþætting og skipulag menntunar, þjálfun fyrir starfsfólk í 1. og 2. línu þjónustu og endurmenntun
- Snemmtæk íhlutun, forvarnir og fræðsla á öllum skólastigum. Styrking heilsugæslu, fjarþjónusta fyrir landsbyggðina og aukin sérfræðiþjónusta í nærumhverfi
- samfélagsgeðþjónusta og fjölskyldumíðuð þjónusta
- Einstaklingsmíðuð þjónusta og heildræn
- Markviss atvinnuþátttaka notenda geðheilbrigðisþjónustu
- Samþætting verði á heilbrigðis- og velferðarþjónustu og fjölgun fagstétta
- Koma á skipulegum verkferlum og leiðum til að auka heildræna þjónustu og flæði milli kerfa. Fjölga geðheilsuteymum og auka samvinnu við hagsmunasamtök, íhuga sektargreiðslur ef fólk er fast í röngu úrræði (t.d. þegar vantar búsetu)
- Nýta reynslu og þekkingu annarra landa, nýta betur gagnreynda þekkingu og þróun á meðferðarúrræðum
- Kraftur/vilji/samstaða/meðbyr í samfélaginu, opnari umræða og vandaðri
- Þjónustukannanir og árangursmælingar, rýnihópar og notendasamráð
- Auka fræðslu og upplýsingar í gegnum fjölmiðla og samfélagsmiðla
- Sinna hælisleitendum á samræmdan hátt
- Aðgangur lögreglu að ráðgjöf frá geðlæknum

